

Fundur stjórnar foreldrafélags Öldutúnsskóla, 11. janúar 2016.

Mætt: Ingibjörg, Ingvar, Nikulás, Snædís, Stefanía, Valerie, Þröstur

Boðuð forföll: Íris, Inga og Sigríður

1. Undirbúningur bekkjartenglafunds

Dagsetning: mánudagur 25.1.16 kl. 20 í matsal kennara.

Áætlað er að hafa stutt erindi frá Valdimar skólastjóra t.d. um niðurstöður úr eineltiskönnun.

Stjórn verður með stutta kynningu á fjáröflun bekkja o.s.frv. Sjá lið 2.

Svo verður bekkjartenglafundur með hefðbundin sniði, bekkjartenglar segja frá það sem hefur verið gert nú í haust og hvaða bekkjarviðburði þau eru að plana á vorönn.

2. Fjáröflun bekkja:

Fjáröflun er hér sem segir:

Bekkur	Hvenær	Hvað	Ferð
6.	Vorhátíð	Pylsur, drykkir, candyfloss	Reykir í 7. Bekk
8.	Vorhátíð	Kökur	Laugar í 9. Bekk
10.	Allt árið, Samtalsdagar	Ýmislegt (kaffihús, peysur o.fl.)	Útskriftarferð

Stjórn foreldrafélagsins var beðin um að opna reikning fyrir pening sem safnast vegna fjáröflunar.

Rætt var hvort slíkur reikningur yrði bara fyrir fjáröflunarpening eða líka vegna ferða. Valdimar svarar því í tölvupósti eftir fundinn (þann 13.1.) að stjórnin er bara beðin um að halda utan um pening vegna fjáröflunar.

Til þess þarf gjaldkerinn, Ingibjörg, að stofna reikning og búa til excelskjal með síðu fyrir þessa þrjá bekkir. Merkja hvað kemur inn og hvað fer út með upplýsingum um hvenær og hver.

Rætt var líka að pylsusalan skilar litlu og það er ekki lengur hægt að skila vörum í Bónus ef þær seljast ekki. Þröstur ætlar að athuga hvort hann geti fengið ókeypis pylsur fyrir vorhátíð, eða á góðum afslætti. Ein hugmynd væri líka að foreldrafélag borgi pylsurnar í framtíðinni. Engin ákvörðun tekin fyrir en Þröstur hefur kannað málið.

Þröstur ætlar líka að kanna í foreldraráði Hfj hvernig aðrir skólar í Hafnarfirði hafa þetta.

3. Fræðslumál:

Fjármálafræðsla fyrir 10. bekk (Daði Hrafnsson) – Snædís ætlar að kanna.

Vindmyllur fyrir yngri krakkar og 8. Bekk (passar í námsefni) – Valerie ætlar að kanna það.

Rauði krossinn - Þröstur ætlar að kanna það.

Aðrar hugmyndir frá fyrri fundum: Fræðsluhluti Unicef, skyndihjálparnámskeið/fræðsla, 112 fræðsla.

Yrði að vera á skólatíma.

4. Fjármál:

Höfum aldrei staðið svona „illa“, reikningurinn fór á feður barna og hefur greinilega ekki allsstaðar verið borgaður. Eindagi 1. maí 2016, rætt og gæti verið að greiðslan hafi verið sett á eindaga hjá sumum.

Þar af leiðandi þurfum við að passa að Vorhátíð verður ekki of dýr, hugmynd er að sleppa medalíum fyrir víðavangshlaup og gefa íspinna í staðinn, jafnvel líka viðurkenningarskjal. Einn hoppukastala í staðinn fyrir tvo?

5. Fréttir af Foreldraráð Hafnarfjarðar:

- Rætt hefur verið um sáttmála barna. Dæmi: greining barna tekur langa tíma jafnvel 1 ½ ár, og stundum er hægt að borga sig „fyrirfram“ með 200.000 kr. Þetta uppfyllir ekki barnasáttmálann og er réttindabrot. Fleiri fundir um þetta og vilji til að finna lausn á þessu.
- Foreldraráð hefur keypt vesti fyrir foreldrarölt, úthlutun er 12.1.
- Mæting á foreldraráðsfundi frá öðrum skólum ekki nógu góð!

Foreldrarölt

Gengur vel og rölt hefur verið mannað/gengið alltaf nema tvisvar. Geir Bjarnasson (ITH) skrifaði þeim sem sjá um foreldrarölt að: „Samkvæmt bókunum hjá lögreglu þá voru einungis tvö eignaspjöll eftir sprengingar nú um áramótin hér í Hafnarfirði“ og er auðvitað almennt ánægja með því og hrós til bekkjartengla og umsjónarmenn foreldrarölts þess vegna!

Fundi slitið kl. 22.15

Ritari: Valerie Maier